



## Alþýðusamband Íslands

### Menntun og atvinnulíf

#### Fullorðins- og framhaldsfræðsla

Verkefnahópur um fullorðins- og framhaldsfræðslu, með þátttöku fulltrúa stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, skilaði í lok maí 2015 [tillögum sínum ásamt greinargerð](#). Í tillögunum er fjallað um helstu verkefni og álitamál sem framhaldsfræðslan stendur frammi fyrir og hvernig best sé hægt að takast á við þau. Þar er m.a. fjallað um uppbyggingu og helstu verkfæri framhaldsfræðslunnar, hvaða markhópi hún eigi að þjóna og hvernig megi auka möguleika fólks sem er eldra en 18 ára og komið er út á vinnumarkaðinn til að fá viðurkennda færni sína og afla sér frekari menntunar. Tillögurnar eru mjög í anda þeirra áherslna sem Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess hafa sett fram í málaflöknum. Tillögunum fylgir aðgerðaráætlun til fimm ára sem hefur að markmiði að hrinda þeim með markvissum hætti í framkvæmd, þar sem áhersla er lögð á að veita þurfi mun meira fjármagni til framhaldsfræðslunnar á næstu árum miðað við það sem nú er.

Í lok árs 2014 ákvað Norræna ráðherranefndin að hrinda í framkvæmd stefnumótandi endurskoðun á norrænu samstarfi í atvinnumálum. Þá vinnu leiddi Poul Nielsen og skilaði hann [niðurstöðum](#) stefnumótunarvinnunnar, vorið 2016. Þar er m.a. bent á að menntamál er veigamikil samnorrænt málefni. Eitt af því sem Poul Nielson leggur til er að ríkisstjórnir norrænu landanna beiti sér fyrir því að fullorðinsfræðsla og endurmenntun verði skylda fyrir allt vinnandi fólk á Norðurlöndum og komi á fót kerfi þar að lútandi með aðstoð frá aðilum vinnumarkaðarins. Þá segir hann m.a. að: „Ef tryggja á samkeppnishæfni Norðurlanda til framtíðar þurfum við að tileinka okkur nýjan hugsunarhátt í menntamálum. Því eigum við að fastsetja þá framtíðarsýn að þróa sameiginlegt líkan fyrir skylduboðna fullorðinsfræðslu.“

## **Raunfærni metin til launa**

Þriðjungur fólks á íslenskum vinnumarkaði hefur einungis grunnmenntun og of hægt hefur gengið að fækka í þeim hópi. Dregið hefur úr þörfum atvinnulífsins fyrir ófaglært vinnuafli og sú þróun mun halda áfram næstu áratugi. Í síðustu kjarasamningum var gerð bókun (SGS/Flóinn/LÍV) um að vinna að því að meta nám/raunfærni til launa á grundvelli hæfnigreininga starfa. Nefnd samningsaðila hóf störf við útfærslu, á vormánuðum 2016. Mikilvægt er að unnið verði áfram á grundvelli þeirra tillagna, áætlun gerð um kortlagningu og hæfnigreiningu starfa með aðkomu beggja aðila í samráði við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, þar sem hæfnipættir starfs eru settir fram með skipulegum hætti. Að því búnu þarf að skipuleggja framkvæmd raunfærnimats á mótum viðmiðum atvinnulífs og tryggja starfsmönnum möguleika á að fá slíkt mat. Samhliða þarf að liggja fyrir með hvaða hætti einstaklingar sem fara í raunfærnimat geta bætt við sig þeirri hæfni sem þá skortir. Síðast en ekki síst þarf að liggja fyrir með hvaða hætti skuli greitt fyrir þá hæfni sem metin er í starfi.

[Raunfærnimat](#) er liður í styttingu náms í formlega skólakerfinu, bættri stöðu á vinnumarkaði sem og almennri færniuppbyggingu. Allt nám er verðmætt, sama hvaðan það er fengið og með raunfærnimati fær fólk á vinnumarkaði aukna möguleika á að sækja sér menntun og þjálfun til að auka færni sína og þar með hækkun launa. Þá er viðurkenning á færni einnig leið að styttingu náms og er hvati til að ljúka formlegu námi.

## **Sveigjanleiki milli kerfa**

Tryggja þarf að allt nám og öll færni verði metin á milli formlega og óformlega menntakerfisins og að starfsnámsleiðin feli ekki í sér „blindgötur“ eða „öngstræti“.

Ekki verður fjallað um framhaldsskólann og námið þar án þess að setja það í samhengi við framhaldsfræðsluna. Framhaldsfræðslan er að stærstum hluta á sömu hæfniprepum og framhaldsskólinn. Því er mikilvægt að byggja brýr á milli formlega og óformlega menntakerfisins. Krafa er að nám sé metið á milli þessara kerfa og tryggja að sú þekking og hæfni/færni sem einstaklingar afla sér í framhaldsfræðslunni sé metin með fullnægjandi hætti innan framhaldsskólanna (á háskóla-/fagháskólastiginu) hafi þeir áhuga á að afla sér frekari menntunar þar. Þá er einnig áriðandi að próa frekar og nýta raunfærnimatið fyrir einstaklinga sem hafa aflað sér margvíslegrar hæfni/færni á vinnumarkaði.

Áríðandi er að allt starfsnámi ljúki með formlegri staðfestingu á námslokum. Leggja þarf áherslu á að skilgreina hvaða þekkingu nemendur þurfa að búa yfir að loknum grunnskóla og hvaða þekkingu þarf „efsta“ próf framhaldsskóla að hafa sem háskólar taka við. Gera þarf starfsnám straumlínulagaðra til að það myndi eina heild, til að nemendur sjái laun erfiðis síns á hverju stigi og viti hvað er framundan. Mikilvægt er að nemendur sjái starfsmenntun á framhaldsskólastigi sem raunhæfan og eftirsóknarverðan möguleika vilji þeir halda opnum leiðum til að sækja sér frekari menntun síðar.

### **Starfsnám – námssamningar**

Mikilvæg forsenda öflugs og skilvirks starfsnáms á framhaldsskólastigi er að samsetning og framboð sé í góðu samhengi við atvinnulífið á hverjum tíma og framtíðarhorfur.

Markmiðið er að allt starfsnám sé skipulagt á þessum grunni. Besta leiðin til að ná slíku markmiði í framhaldsskólanámi er ef gerður er námssamningur/-samningar sem tryggir að nemandinn fái kennslu sem tryggir þetta samspil. Námssamningar verði „þríhliða“ samningur nemanda, fyrirtækis og skóla sem kveði á um réttindi og skyldur hvers aðila fyrir sig. Mikilvægt er að slíkur samningur liggja fyrir þegar nám er hafið eða eins fljótt og kostur er.

Til að ná markmiðum um samspil bóklega og verklega námsins þarf því líka að finna annað/önnur form. Starfsþjálfun/ starfsþjálfunarsamningar er þar einn kostur. Slíkt byggir á að nemandi fær tækifæri meðan á námi stendur að reyna á þekkingu sína og færni með því að starfa í fyrirtæki/stofnun í tiltekinn tíma undir leiðsögn á grundvelli starfsþjálfunaráætlunar.

Þegar horft er til íslensks vinnumarkaðar í dag virðist auðsætt að auka þarf og efla starfsnám á framhaldsskólastigi á sviði verslunar og viðskipta, í ferðaþjónustunni, í heilbrigðis- og ummönnunarstörfum, á mörgum sviðum matvælaframleiðslu, í upplýsingatækni og miðlun og í flutningastarfsemi, svo fáein dæmi séu nefnd. Fyrir liggur að nýjar námskrár þarf að semja á grunni hæfniramma, þar sem skilgreina þarf þá hæfni sem nemandi eiga að búa yfir að námi loknu. Jafnframt þarf að endurskoða það nám og námskrár sem þegar eru til með sömu markmiðum.

Samstarf fyrirtækja og fræðsluaðila um starfstengt nám þarf að auka til að efla vinnustaðapátt námsins og tengingu við atvinnulífið. Við skipulagningu og framkvæmd þarf að horfa til þess að samþætta væntingar og hagsmuni nemenda og atvinnulífs, auka verklega þáttinn í starfsmenntun almennt og samþætta bóklega og verklega hluta námsins. Starfsgreinaráð


gegna þar mikilvægu hlutverki. Samkvæmt lögunum eiga starfsgreinaráð að vera ráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi. Þau eiga að skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna í hverri grein, koma með tillögur að breytingu á námi og námsskipan og setja fram markmið með starfsnáminu. Þau eiga einnig að gera tillögur um skiptingu náms milli skóla og vinnustaða. Með starfsemi ráðanna er leitast við að efla tengsl starfsmennta og atvinnulífs.

## Fagháskólanám

Alþýðusamband Íslands og aðildarsamtök þess hafa um árabil lagt áherslu á að boðið verði upp á hagnýtt verk- og tækninám á háskólastigi, fagháskólanám. Í tengslum við gerð kjarasamninga á árinu 2015 fékkst yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar um „að hefja vinnu við að skilgreina fagháskólastig og hvernig það gæti tengst bæði framhalds og háskólakerfinu. ASÍ hafði frumkvæði að því að fá Runólf Ágústsson til að setja fram hugmyndir um endurskoðun á verk- og tækninámi hérlendis á háskólastigi út frá hugsuninni um [fagháskóla](#). Í framhaldinu var síðan skipuð verkefnishópur af mennta- og menningarmálaráðherra til að undirbúa fagháskólanám á Íslandi. Verkefnishópurinn er nú að störfum. ASÍ hefur lagt inn í starf hópsins [minnisblað](#) með áherslum sambandsins sem mótaðar hafa verið af menntanefnd ASÍ og hópi áhugafólks á vettvangi sambandsins.

## Framboð náms taki mið af þróun í hagkerfinu og færniþörf framtíðar

Undanfarin ár hefur ASÍ vakið athygli á þörf fyrir markvissa greiningu á færniþörf á vinnumarkaði. Bæði samfélagið og vinnumarkaður standa frammi fyrir gífurlegum áskorunum á næstu áratugum þar sem örar tæknibreytingar kalla á að einstaklingar muni þurfa að afla sér aukinnar menntunar. Skv. spám Cedefop<sup>1</sup> er almennt gert ráð fyrir aukinni þörf fyrir starfsfólk með



Heimild: Cedefop

<sup>1</sup> Sjá nánar spá Cedefop <http://www.cedefop.europa.eu/en/events-and-projects/projects/forecasting-skill-demand-and-supply/data-visualisations>.

háskólamenntun á evrópskum vinnumarkaði til 2020. Spurn eftir starfsfólki með menntun á framhaldsskólastigi mun halda áfram að aukast eins og verið hefur á síðustu áratugum. Mörg störf munu krefjast sérhæfðrar framhaldskólamenntunar, sérstaklega þeirrar verkmenntunar sem byggir á iðnaðar- og tækniþekkingu. Þörf fyrir starfsfólk eingöngu með grunnmenntun, þ.e. menntun sem hér er veitt í grunnskóla mun hins vegar halda áfram að minnka.

Færa má sterk rök fyrir því að menntun þurfi að vera betur stillt að þörfum vinnumarkaðar, bæði til að tryggja góða færni á vinnumarkaði og einnig að ekki myndist misræmi milli menntunar sem er í boði og þarfa atvinnulífsins. Slíkt misræmi felur í sér kostnað fyrir atvinnurekendur, starfsmenn og allt samfélagið og getur leitt til lægri launa, minni starfsánægju og minni framleiðslu í hagkerfinu. Einnig þarf að kortleggja nánar þörf á endurmenntun þeirra sem fyrir eru á vinnumarkaði en flest bendir til þess að mikilvægi slíkrar fræðslu og menntunar fari vaxandi í náninni framtíð.

Samkvæmt 2015 spá Cedefop birtist svipuð þróun fyrir Ísland og Evrópu, sem er að vöxtur verði fyrst og fremst í störfum sem krefjast mikillar færni á meðan gert er ráð fyrir að störfum sem krefjast lítillar færni muni fækka til ársins 2020.

### **Námslán – námsstyrkur**

Til að ná markmiðum ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins um að ekki verði fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- og framhaldsskólamenntunar árið 2020 þarf að gera stóratök í fræðslumálum þeirra sem ekki hafa haft tækni á að sækja sér þessa menntun.

Mikilvæg forsenda fyrir fólk á vinnumarkaði sem vill hverfa aftur í nám, er að því verði gert það fjárhagslega mögulegt og kerfið mæti betur þörfum ungs fólks. Það kallar m.a. á endurskoðun og aukinn sveigjanleika námslánakerfisins. Leggja verður áherslu á aukinn sveigjanleika fyrir þá einstaklinga á vinnumarkaði sem vilja hverfa aftur í nám, þannig að jafnræði varðandi tækifæri til náms verði tryggt. Þá þarf að tryggja að skráningargjöld í skólum og kostnaður vegna námsgagna- og tækja verði ekki til að mismuna nemendum eftir efnahag. Nýtt frumvarp til laga um námslán og námsstyrki þarf að mæta þörfum allra og tryggja að allir hafi jafnan rétt til að sækja sér menntunar.

